

sambandi Íslands f. h. Verkamannafél. Reyðarfjarðarhrepps vegna Stefáns Bjarnasonar kr. 5707.67 auk 6% vaxta frá 17. ág. 1954 til greiðsludags. Þá greiði stefndi kr. 1500.00 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 27. október 1955.

Nr. 3/1955. **Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar**

(Agnar Gústafsson hdl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands íslenzkra sjálfseignarvörubifreiðastjóra

vegna Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri

(Jón Þorsteinsson hdl).

Dóminn skípuðu hinir reglulegu dómendur.

Vörubifreiðar. Vörubílstjórafélagi talið heimilt að setja það ákvæði í samþykktir sínar, að aliir félagsmenn skuli hafa afgreiðslu á sameiginlegri stöð félagsins.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags. 9. marz þ. á. af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðarstjóra vegna vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að það sé brot á samningi Vörubílstjórafélagsins Vals annars vegar og Vinnuveitendafélags Akureyrar o. fl. hins vegar, dags. 13. sept. 1954, að vörubílstjórafélagið Valur setti hinn 9. janúar 1955 það ákvæði í samþykktir félagsins, að sérhver félagsmaður, sem hefur bifreið sína í akstri, sé skyldur til þess að hafa hana í afgreiðslu á bifreiðastöð félagsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í septembermánuði 1954 féll úr gildi fyrir uppsögn kjarasamningur sá, sem til þess tíma hafði gilt á Akureyri milli vinnuveitenda og sjálfs eignarvörubilstjóra þar. Samkvæmt 6. gr. þess samnings var svo um samið, að „þeir bifreiðaeigendur, sem hafa bifreiðaaakstur að aðalavinnu, skulu einir hafa rétt til þeirrar vinnu, sem til fellst á Akureyri og er framkvæmd þaðan“.

Þegar framangreindur kjarasamningur gekk úr gildi, voru þrjár vörubílastöðvar starfræktar á Akureyri.

1. Bifreiðastöðin Stefnir. Hún var rekin af vörubílstjórafélaginu Val og höfðu félagsmenn þess félags þar afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar.

2. Bifreiðastöðin Bifröst h.f. Talið er, að bifreiðar þessarar stöðvar, 8 að tölu, hafi verið eign hlutafélagsins, en ekki bifreiðastjóra þeirra, sem óku bifreiðunum.

3. Vörubílastöðin. Þessi stöð var rekin af Hólmsteini Egilssyni, og er talið, að þar hafi 10 bifreiðar haft afgreiðslu. Mun Hólmsteinn hafa átt sumar þeirra einn, en aðrar átti hann í félagi með bifreiðastjórum þeim, sem bifreiðunum óku.

Hólmsteinn var félagmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar, en Bifreiðastöðin Bifröst h.f. er af málflytjendum talin hafa verið í nánnum tengslum við Samband ísl. samvinnufélaga, sem stóð ásamt Vinnuveitendafélagi Akureyrar o. fl. að samningi þeim, sem um ræðir í máli þessu.

Þegar gengið var til samninga milli aðilja máls þessa í september 1954 um kaup og kjör vörubílstjóranna, fór Vörubílstjórafélagið Valur með samninga af hálfu sjálfseignarvörubifreiðastjóra. Lögðu fulltrúar Vals fram af sinni hálfu samningsuppkast, og var 6. gr. þess svohljóðandi:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til að láta fullgilda meðlimi Vals, enda aki þeir frá sömu bifreiðastöð, hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með bifreiðum handa vinnuveitendum á félagssvæði Vals innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og út af því svæði. Vinnuveitendum skal þó heimilt að nota eigin bifreiðir í eigin

þjónustu, þar sem vinnuveitandinn á bæði bifreiðina og vöruna, sem flutt er, og reiknar sér ekkert sérstakt gjald fyrir flutninginn.

Ennfremur skal heildverzlunum og öðrum þeim, sem hafa það að atvinnu að kaupa vörur eða selja, svo og viðgerðarverkstæðum, verksmiðjum og útgerðarmönnum heimilt að aka á eigin bifreiðum vörum, sem heyra beint undir atvinnurekstur þeirra og byggingameisturum að nota vikabíla við atvinnurekstur sinn til flutninga á hlaspunga allt að einu tonni.“

Ekki vildu vinnuveitendur fallast á þetta samningsuppkast og hófust nú venjulegar samningaumleitanir milli aðilja. Lauk þeim svo, að samningur var undirritaður hinn 13. september. Stóðu að honum annars vegar Vörubílstjórafélagið Valur, en hins vegar Vinnuveitendafélag Akureyrar, Samband ísl. samvinnufélaga o. fl. Er 6. gr. samningsins svohljóðandi:

„Vinnuveitendur þeir, sem að samningnum standa, skuldbinda sig til að láta fullgilda meðlimi Vals hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu og allra flutninga með vörubifreiðum handa nefndum vinnuveitendum á félagssvæði Vals og öllum akstri út af því svæði, en það er lögsagnarumdæmi Akureyrar. Vinnuveitendur hafa ávallt frjálst val um það, hvaða meðlimi Vals þeir taka til vinnu, sbr. þó 4. málsgrein þessarar greinar. Vinnuveitendum skal þó heimilt að nota eigin bifreiðar í eigin þjónustu, þar sem vinnuveitandinn á bæði bifreiðina og vöruna, sem flutt er, og reiknar sér ekkert sérstakt gjald fyrir flutninginn.

Ennfremur skal heildverzlunum og öðrum þeim, sem það hafa að atvinnu að kaupa vörur eða selja, svo og viðgerðarverkstæðum, verksmiðjum og útgerðarmönnum, vera heimilt að aka á eigin bifreiðum vörum, sem heyra beint undir atvinnurekstur þeirra, og byggingameisturum að nota vikabíla við atvinnurekstur sinn til flutninga á hlaspunga, allt að einu tonni.

Framangreind ákvæði þessarar greinar taka eigi gildi fyrr en 1. marz 1955. Fram að þeim tíma skuldbinda

vinnuveitendur sig til að koma á vinnumiðlun, þannig, að bifreiðastöðin Stefni s.f. fái 60% af öllum þeim vörubílaakstri, sem neðangreind fyrirtæki kaupa að:

Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyrarbær og fyrirtæki hans, Útgerðarfélag Akureyringa h.f., Guðmundur Jörundsson, Útgerðarfélag KEA h.f. og Samband ísl. samvinnufélaga. Vinnumiðlunin skal framkvæmd þannig, að 1. desember 1954 og 1. febrúar 1955 kanni hvert fyrirtæki, hve mikið það hafi skipt við Stefni og auki þá viðskipti sín þar, hafi þau ekki náð þeirri hlutfallstölu, er að framan greinir, ella dragi úr þeim, ef hlutfallstalan er orðin of há.“

Þegar kjarasamningur þessi var undirritaður, munu bifreiðastjórar þeir, sem óku frá bifreiðastöðvunum Bifröst h.f. og Vörubílastöðinni, ekki hafa verið félagsmenn í Vörubílstjórafélaginu Val og fæstir þeirra þá fullnægt inntöku-skilyrði 3. gr. samþykktu félagsins, en þar segir svo:

„Rétt til þess að ganga í félagið og vera meðlimir þess, hafa allir sjálfseignarvörubifreiðastjórar á félagssvæðinu, sem eiga eina vörubifreið, enda hafi þeir að aðalatvinnu að aka henni sjálfir.“

Eftir að samningurinn frá 13. sept. 1954 tók gildi, munu framangreindar bifreiðastöðvar hafa haldið starfsemi sinni áfram og af hálfu samningsaðilja verið fylgt þeirri vinnumiðlun, sem 4. mgr. 6. gr. samningsins kvað á um. Um áramótið 1954 og 1955 tók vörubílstjórafélagið Valur við rekstri Bifreiðastöðvarinnar Stefni, og hefur félagið rekið hana síðan. Um svipað leyti, eða nánar tiltekið hinn 9. janúar þ. á., er Valur hélt aðalfund sinn, var samþykkt að breyta samþykktum félagsins á þá lund, að við 2. gr. þeirra, sem fjallar um tilgang félagsins, var bætt þessu ákvæði:

Það er ennfremur tilgangur félagsins, að reka eina sam-eiginlega bifreiðastöð fyrir alla félagsmenn, enda er sérhver félagsmaður, sem hefur bifreið sína í akstri, skyldur til að hafa þar afgreiðslu.“

Eins og um er samið í 4. mgr. 6. gr. oftnefnds samnings, áttu félagsmenn vörubílstjórafélagsins Vals forgangsrétt, eftir 1. marz þ. á., til alls aksturs hjá vinnuveitendum þeim,

sem að samningnum stóðu. Þegar að þeim tíma leið, hófust bifreiðastjórnarnir á Vörubílastöðinni handa um það, að fá félagsréttindi í Val og sóttu um inngöngu í félagið, með þeim fyrirvara þó, að þeir hefðu áfram afgreiðslu á Vörubílastöðinni fyrir bifreiðar sínar. Fyrirsvarsmenn Vals töldu sér ekki skylt að hlíta þessum fyrirvara bifreiðarstjóranna, þar sem þeir litu svo á, að breyting sú, sem gerð var á samþykktum félagsins 9. janúar s.l., leiddi til þess, að þeir einir ættu rétt til inngöngu í félagið, sem hefðu afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar á stöð félagsins. Ekki náðist samkomulag um þetta atriði og kom ágreiningurinn til Félagsdóms, sem tók til greina skilning Vals, sbr. dóm uppkveðinn 4. apríl s.l. í málinu nr. 2/1955. Þessi niðurstaða leiddi síðar til þess, að vörubílastjórar þeir, sem starfað höfðu frá Vörubílastöðinni og fullnægðu inntökuskilyrðum Vörubílastjóraráfélagsins Vals, urðu að flytja sig yfir á stöð Vals með afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar, til þess að fá notið forgangsréttar samkvæmt 6. gr. oftnefnds samnings.

Stefnandi máls þessa vill fyrir sitt leyti ekki una því, að forgangsréttur bifreiðastjóranna sé því skilyrði bundinn, að þeir hafi afgreiðslu á stöð Vals. Eru dómkröfur hans í máli þessu á því byggðar, að stefnda, vörubílastjóraráfélaginu Val, hafi samkvæmt samningum frá 13. september 1954 verið allskostar óheimilt að setja í samþykktir sínar ákvæði það um sameiginlega afgreiðslustöð, sem samþykkt var á aðalfundinum 9. janúar þ. á. og áður er rakið. Heldur stefnandi því fram, að samningurinn hafi einmitt verið gerður á þeim grundvelli, að bifreiðarstjórar þeir, sem þá óku frá öðrum bifreiðastöðvum en Stefni, gætu gengið í Val, án þess að þurfa að hafa afgreiðslu á stöð, sem félagið sjálft starfrækti, enda hafi ekki á þeim tíma, þegar samningurinn var gerður, verið nein ákvæði í samþykktum Vals, sem skylduðu félagsmenn til þess að nota afgreiðslustöð, sem félagið starfrækti sjálft. Kveður stefnandi, að vinnuveitendur hafi, er þeir sömdu, byggt á því, að þeir gætu skipt við þá bifreiðastöð, sem þeir helzt kysu, að því tilskildu, að bifreiðastjórnarnir væru félagsmenn í Val, og hafi þessi afstaða þeirra komið bert fram í því, að þeir hafi mótmælt og fengið brott-

numin úr 6. gr. samningsuppkasts fulltrúa Vals, orðin: „enda aki þeir frá sömu bifreiðastöð“. Fyrirsvarsmönnum Vals við samningsgerðina hafi þannig bæði af þessu og orðræðum við fulltrúa vinnuveitenda verið það fyllilega ljóst, að samningurinn væri af hálfu stefnanda og annarra vinnuveitenda, er að honum stóðu, gerður á þeim grundvelli, að bifreiðastöðvar þær, sem þá störfuðu mættu haldast, og vinnuveitendum frjálst að velja á milli þeirra, og kjósa sér til vinnu þá bílstjóra, er þeir helzt vildu hafa í þjónustu sinni. En með því að setja það skilyrði í samþykktir sínar, að félagsmenn skyldu allir hafa afgreiðslu á sömu stöð hefði Valur skert samningsbundið valfrelsi vinnuveitenda, og þar með brotið samninginn.

Stefndi hefur eindregið mótmælt því, að samningurinn frá 13. september 1954 hafi á nokkurn hátt verið því til fyrirstöðu, að Vörubílstjórafélagið Valur gæti breytt samþykktum sínum á þann hátt, sem gert var 9. janúar þ. á. Kveður hann það aldrei hafa til orða komið við þá samningsgerð, að Valur tæki á sig skuldbindingu um slíkt. Jafnframt neitar hann því ákveðið, að niðurfelling orðanna „enda aki þeir frá sömu bifreiðastöð“ geti á nokkurn hátt gefið tilefni til slíkrar ályktunar. Segir hann, að hin tilvitnuðu orð hafi m. a. verið felld niður af því, að fulltrúar samningsaðilja hafi verið sammála um það, að það væri algert innanfélagsmál Vörubílstjórafélagssins Vals, hvernig stöðvarmálum félagsmanna væri komið fyrir. Heldur hann því og fram, að ekki verði út af fyrir sig lagt neitt upp úr þessu atriði vegna þess, að 6. gr. samningsuppkastsins hafi, svo sem samanburður á henni og 6. gr. samningsins sýni, breyzt í svo mörgum atriðum öðrum, að af þessari einu breytingu verði engin almenn ályktun dregin um samningsskyldur Vals. Þá mótmælir stefndi því algerlega, að tilætlunin hafi verið að tryggja vinnuveitendum, að þeir gætu eftir sem áður skipt við hvaða bifreiðastöð sem væri, en hins vegar hafi þeim verið gefið frjálst val um það, hvaða bílstjóra þeir veldu til aksturs, ef þeir voru félagsmenn í Val. Loks staðhæfir stefndi, að það hefði þurft að koma skýrt og ótvírátt fram í samningnum, ef tilætlunin var að takmarka

sjálfsákvörðunarrétt félagsmanna Vals um breytingar á samþykktum félagsins, þar sem slíkt ákvæði hefði verið í fyllsta máta óvenjulegt.

Eins og að framan er rakið, var Bifreiðastöðin Bifröst h/ f rekin af hlutafélagi, sem átti sjálft bifreiðar stöðvarinnar, og Vörubílastöðin og bifreiðar þær, sem þaðan var ekið, voru allar að meira eða minna leyti eign Hólmsteins Egilssonar, sem var félagsmaður í Vinnuveitendafélagi Akureyrar. Af gögnum málsins og málflutningi aðilja er ljóst, að fulltrúar vinnuveitenda hafa við samningsgerðina leitast við að koma því í kring, að nefndar stöðvar gætu haldið starfsemi sinni áfram með sama hætti og áður var. En þegar vörubílstjórufélagið Valur fékk framgengt þeirri kröfu sinni, að félagsmenn þess skyldu eiga forgangsrétt til aksturs þess, sem vinnuveitendur þyrftu að kaupa að, hlaut slíkt ákvæði óhjákvæmilega að hafa djúptæk áhrif á rekstur þessara stöðva og leiða til breytinga á honum, enda kemur það beinlínis fram í tímamarks- og vinnumiðlunaráæðum 4. mgr. 6. gr. samningsins. Nú eru að vísu engin ákvæði í samningnum, sem setja loku fyrir það, að bifreiðarstjórar þeir, sem starfað höfðu á Bifröst eða Vörubílastöðinni, hefðu áfram afgreiðslu þar, þótt þeir yrðu sjálfseignarvörubifreiðastjórar og félagsmenn í Val. Hins vegar verður ekki heldur séð, að samningurinn geymi nein ákvæði, sem takmarki rétt Vörubílstjórufélagsins Vals til þess að setja þau fyrir-mæli um afgreiðslu á bifreiðum félagsmanna í samþykktir félagsins, sem samþykkt eru með lögmatum hætti innan félagsins og ekki brjóta í bága við landslög eða grundvallar-reglur laga. Þá verður og slík takmörkun hvorki dregin af breytingum þeim, sem gerðar voru á 6. gr. samningsuppkastsins né heldur orðræðum fulltrúa aðilja við samningsgerðina, sem þá auk þess greinir á um, hvernig fallið hafi.

Samkvæmt þessu verður að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands

Íslenzkra sjálfseignarvörubifreiðastjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Akureyrar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. desember 1955.

Nr. 7/1955.

Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Hótel Borgar (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Trúnaðarmenn. Uppsögn trúnaðarmanns ekki talin brot á 11. gr. laga nr. 80/1938, þar sem útnefning aðilja þess, er nefndi hann til trúnaðarmannsstarfa, gaf honum ekki lögvernd samkvæmt nefndu lagaákvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 27. september þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Hótel Borgar í Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að Hótel Borg verði dæmt til greiðslu sektar fyrir að hafa brotið 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að segja Baldri Gunnarssyni framreiðslumanni á Hótel Borg upp störfum, en uppsögn þessi hafi verið ólögmet samkvæmt nefndri 11. gr., þar sem Baldur hafi verið trúnaðarmaður Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna á nefndu hóteli. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.